

## Stjarnan mín.

Ei Betlehems stjarna er stjarnan mín,  
 en stjarna' ertu eins fyrir það.  
 Sem friðurinn geisli þinn frá þér skín,  
 úr fjarlægð hann berst og kemur til mín  
 í einveru' á afvikinn stað.

Mig dreymir ei brosið á kafrjóðri kinn  
 né kraftinn í rjúkandi skál.  
 Þú dregur birtu' yfir drauminn minn,  
 svo dreymi mig, stjarnan mín, geislann þinn  
 og ljósið í lífsins sál.

Mig dreymir ei báru, sem brotnar við strönd,  
 né brimgnúin flök af súð;  
 mig dreymir um himinsins heiðríkjulönd  
 og hvíta lognið með sólskins bönd,  
 sem glóa við góðviðris skruð.

Mig dreymir ei sálirnar settar í ís  
 á sorga og úlfúðar land,  
 mig dreymir ei um það, að dauðinn sé vís;  
 mig dreymir um vonanna paradís  
 og andanna bræðraband.

Þá bróðurlund munnfylli' er meira verð,  
 og maganum vitið og sál,  
 já, þá verður gaman að fara þá ferð,  
 sem fyrir svo löngu var hugsjónum gerð,  
 og þá verða mannjafnaðs mál.

KRISTINN STEFÁNSSON.